

70
25. júlí

SAMÞYKKT

um

lokun sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skulu sölubúðir eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis og lokaðar eigi síðar en kl. 7 síðd. Undanskildar þessu ákvæði eru þær búðir, sem aðallega verzla með brauð og mjólk. Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júlí til 1. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar, enda sé frídagur verzlunarmanna auglýstur með minnst viku fyrirvara.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða, eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal rekið sem almenn lögglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi fallin samþykkt 6. júlí 1921.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 70 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast 25. júlí þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

fyrir

lendingarsjóð í Hnífsdal.

71
31. júlí

1. gr.

Af öllum skipum undir 30 smálestir, sem fiskveiðar eða hverskonar aðra veiði stunda frá Hnífsdal, eigi skemur en 1 mánuð í senn, svo og öðrum skipum er leggja þar á land afla sinn, skal greiða í lendingarsjóð $\frac{1}{2}\%$ — hálfan af hundraði — af brúttó afla. Skip, sem leggja afla sinn á land hluta af vertíð og greitt hafa lendingarsjóðsgjald fyrir þá vertíð í öðrum hreppi innan N.-Ísafjarðarsýslu, greiða þó ekkert gjald.

2. gr.

Árið skiptist í 2 vertíðir. Vor- og sumar-vertíð frá páskum til gangna og haust- og vetrar-vertíð frá göngum til páska.

Formaður greiði gjaldið í peningum af óskiptum afla í hvert skipti og aflskipti fara fram, þó í síðasta lagi fyrir lok hvernar vertíðar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Hreppsnefnd innheimtir gjaldið og reiknast 2% innheimtulaun. Taka má gjaldið lögtaki á kostnað gjaldanda.

3. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða og sendir hana ásamt gjaldinu oddvita sýslunefndar fyrir 1. desember ár hvert.